

Ed.

421. Frumvarp til laga

[122. mál]

um breyting á lögum nr. 46 14. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

c-liður 1. málsg. 3. gr. laganna orðist svo:

Sameignarfélag og samlög, enda séu þau skrásett firmu og hafi tilkynnt til firmaskrár, að þau óski að vera skattlögð sem félag. Slík tilkynning skal hafa borizt firmaskrá í síðasta lagi innan mánaðar, eftir að lög þessi öðlast gildi, eða innan þriggja mánaða, eftir að félag hóf rekstur sinn. Að öðrum kosti skal öllum tekjum og eignum slíks félags skipt milli sameigenda í samræmi við hlutdeild þeirra og/eða viðskiptaveltu í félaginu og þær skattlagðar með öðrum tekjum þeirra og eignum. Félagi, sem skrásett hefur verið sem sjálfstæður skattaðili samkvæmt framansögðu, er ekki heimilt að taka síðar upp þá reglu að skipta tekjum eða eign til skatts.

2. gr.

Í stað orðanna „tvö ár“ í 2. mgr. e-liðar 7. gr. laganna komi: þrjú ár.

3. gr.

h-liður 10 gr. laganna orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á íslenskum fiskiskipum, ef þeir þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði. Við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati skattfyrvalda á fæði til tekna.

Einnig skal draga frá tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum sel- og hvalveiðiskipum, kr. 500.00 á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar, og miðast frádrátturinn við þann vikufjölda, er þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem fiskimenn. Þá skal og sömu aðilum veittur sérstakur frádráttur, kr. 1500.00 fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á þess konar skipum í a. m. k. 3 mánuði á viðkomandi skattári.

Hlutaráðnir menn skulu og njóta frádráttar samkv. 2. málsg. þessa staflíðar, þótt þeir séu eigi lögskráðir, enda geri útgerðarmaður skattanefnd fullnægjandi grein fyrir, hvornig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

4. gr.

63. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun tekjuskatts árið 1959 af tekjum ársins 1958 skal veita sérstaka lækkun á tekjuskatti öllum hjónum, sem hafa 2 börn á framfæri og undir 55500 kr. í hreinar tekjur. Hjá þessum hjónum, er hafa 54500 kr. hreinar tekjur eða lægri, skal lækkunin nema 50%. Nemi tekjurnar yfir 54500 kr., skal lækkunin vera 47½% á tekjuskatti af 54550 kr. hreinum tekjum og minnka þannig áfram um 2½% við hverjar 50 kr., sem tekjur fara yfir 54550 kr., og hverfa við 55500 kr. hreinar tekjur.

Eftir sömu reglu skal lækka tekjuskatt allra annarra hjóna svo og einstaklinga, sem greiða ættu sama tekjuskatt eða lægri en áðurgreind hjón, ef þau nytu ekki áðurgreindrar skattlækkunar.

Framangreind skattlækkun skal einnig gilda við ákvörðun gjaldárgjalda á árinu 1959.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu fyrst koma til framkvæmda við álagningu tekju- og eignarskatts fyrir skattárið 1958. Jafnframt eru úr gildi fallnir b-liður 1. gr. og a-liður 4. gr. laga nr. 36/1958.